

## Aðalfundur Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi (FEBSEL)

**Fundarstaður:** Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5

**Fundartími:** 24. febrúar 2025 kl. 16:00-17:45.

**Mættir:** Stjórn FEBSEL (Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán og Aðalbjörg) og 30 félagsmenn.

Kristbjörg Ólafsdóttir formaður FEBSEL setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fundargestum var boðið upp á kaffi og meðlæti og gefnar voru 30 mínútur í upphafi fundar til að fundargestir gætu spjallað saman fyrir formlega dagskrá. Boðið var upp á klassískan gítarleik. Gítarleikari var Þorsteinn Sæmundsson.

Gengið var úr skugga um að aðalfundur væri löglegur og löglega til hans boðað. Formaður lagði til að Stefán Bergmann yrði kosinn fundarstjóri í forföllum Ólafs Egilssonar og Aðalbjörg J. Finnbogadóttir fundarritari og var það samþykkt.

Þá var gengið til dagskrár samkvæmt lögum félagsins.

### 1. Skýrsla stjórnar

Kristbjörg Ólafsdóttir gerði grein fyrir starfsemi félagsins sjá skýrslu formanns fyrir starfsárið 2024-2025 sem finna má á heimasíðu félagsins [www.febseltj.is](http://www.febseltj.is)

### 2. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir ársreikninga félagsins 2024

Sigríður Ólafsdóttir gjaldkeri félagsins lagði fram og fór yfir einstaka liði ársreikninga félagsins. Reikningarnir hafa verið samþykktir af skoðunarmönnum. Félagsgjaldið er kr. þrjú þúsund (3.000.-). Félagar sem greiddu félagsgjöld voru 172 um síðustu áramót. Helstu útgjaldaliðir eru greiðsla til Landsambands eldri borgar (LEB) og kostnaður vegna fyrirlestra á vegum félagsins. Staða í banka í lok árs 2024 var kr. 1.144.925.-

### 3. Umræður um skýrslu og ársreikninga

Fundarstjóri þakkar fyrir skýrsluna og opnar á umræðu. Enginn óskar eftir að taka til máls. Reykningar félagsins samþykktir samhljóða.

### 4. Kosning formanns

Kristbjörg Ólafsdóttir formaður býður sig aftur fram til formanns og er kosin samhljóða með lófataki. Formaður félagsins er kosinn til eins árs í senn.

### 5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna

Samkvæmt nýjum lögum félagsins voru stjórnarmenn og varamenn kosnir til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Því var ekki um kosningu þeirra að ræða á þessum fundi.

### 6. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara

Birna Óskarsdóttir og Hrafnhildur B. Sigurðardóttir voru endurkjörnar sem skoðunarmenn og Gunnhildur Skaftadóttir sem varamaður með lófataki.

### 7. Kosning fulltrúa á þing Landssambands eldri borgara

Kristbjörg Ólafsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir buðu sig fram og voru samþykktar með lófataki.

## **8. Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna**

Er ekki á dagskrá í ár.

## **9. Lagabreytingar**

Engar tillögur um lagabreytingar voru lagðar fram.

## **10. Önnur mál**

Vefsvæði FEBSEL kynnt.

## **11. Almennar umræður**

- Frísk í Gróttu er heilsuefling fyrir 65 ára og eldri á Seltjarnarnesi. Seltjarnarnesbær og Frísk til framtíðar ehf hafa gert með sér samning um heilsueflingufyrir íbúa 65 ára og eldri sem fram fer í íþróttahúsinu og hefst fyrsta námskeiðið 11. mars n.k. Seltjarnarnesbær mun niðurgreiða að hluta þáttökugjald hvers og eins.
- Félagsheimilið. Mikilvægt er að koma því í gott horf þannig að hægt sé að nýta það fyrir m.a. starfsemi eldri borgara á Seltjarnarnesi.
- Húsnæði Skólabrautar 3-5 þarfnast orðið mikilla viðgerða. Komið hefur fram tilboð um viðgerðir upp á 150 miljónir kr. Aðsókn á námskeið sem boðið er uppá í húsinu hefur minnkað mikið og fækkað hefur mjög þeim sem kaupa matinn. Mikilvægt er að fara í átak til að auka nýtingu húsnæðisins í þágu íbúa og eldri borga á Nesinu.
- Kristbjörg kallaði eftir hugmyndum fólks t.a. auka þátttöku og efla tengsl eldri borgara á Seltjarnarnesi.

Fundarstjóri og fundaritari ganga frá fundargerðinni í samræmi við hefð.

Fundi slitið kl. 17:15.

Fundarstjóri og fundaritari staðfesta fundargerðina, eins og hún er skráð hér að framan, með því að rita undir hana nöfn sín.

Stefán Bergmann  
fundarstjóri

Aðalbjörg Finnbogadóttir  
fundarritari